



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 21. nóvember 2011

Fundaboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 23

Mættir:

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
Guðbjartur Gunnarsson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar
Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness og starfsmaður Framkvæmdaráðs
Stefán Gíslason, ráðgjafi frá Environice

Fundarstaður og tími: Bæjarskrifstofa Grundarfjarðar, 21/11/2011 kl. 10:00

Dagskrá:

1. Framtíð EarthCheck verkefnisins á Snæfellsnesi
2. Vinna síðustu mánaða/síðasta árs
3. Fjármögnun fyrir 2012
4. Heimsókn úttektaraðila
5. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar
6. Ársskýrsla
7. Fundir Framkvæmdaráðs
8. Önnur mál

Umfjöllun:

1. Til þess að umhverfisvottunarverkefnið á Snæfellsnesi eigi sér framtíð er nauðsynlegt að setja fasta fundi Framkvæmdaráðs, en fundahöldum hefur verið ábatavant hingað til. Með föstum fundum verður starfið markvissara og stjórn verkefnisins betur í höndum Framkvæmdaráðs.
2. Theó taldi til nokkur dæmi um verkefni sem hún hefur unnið að síðustu mánuði.
 - Ráðstefna um umhverfisvottun Vesturlands
 - Ýmis erindi og kynningar, meðal annars á málþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem bar nafnið Sjálfbær sveitarfélög
 - Endurskoðun framkvæmdaáætlunar
 - Ársskýrsla fyrir 2009 og 2010
 - Söfnun tölulegra gagna og úrvinnsla fyrir „benchmarking“ 2009 og 2010
 - Fundur með innkaupastjórum í Grundarfirði
 - Fundir með forsvarsmönnum stofnana í Snæfellsbæ og heimsókn í stofnanir
 - Íbúafundur í Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ
 - Fundir með bæjarstjórnunum í Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ
 - Vinna í heimasíðu
 - Facebooksíða sett upp
 - Greinaskrif vegna vottunarverkefnis í Skessuhorn, Stykkishólmspóst, Jökul
 - Aðstoð við fyrirtæki vegna mögulegrar vottunar



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 21. nóvember 2011

- Aðstoð við EDENumsókn Stykkishólmsbæjar
 - Þátttaka í stefnumótun ferðaþjónustunnar á Vesturlandi í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands
3. Breytingar hafa orðið á úthlutun fjármagns frá Alþingi fyrir árið 2012 og umhverfissvottunarverkefnið virðist vera eitt þeirra verkefna sem lendir utangarðs og enginn veit hvar á að vera í kerfinu. Umhverfisfulltrúi sendi, fyrir hönd Framkvæmdaráðs Snæfellsness, formlegt erindi til Fjárlaganefndar þann 11. nóvember þess efnis að verkefnið haldist á fjárlögum fyrir árið 2012. Ennfremur var sent erindi til umhverfisráðuneytis um aðstoð við að vinna verkefninu brautargengi innan fjárlagarammans fyrir næsta ár. Ef ekki fæst fjármagn af fjárlögum virðist næsta leið sú að sækja um verkefnastyrk til umhverfisráðuneytis fyrir 2. desember.

Kristinn minntist á nauðsyn þess að útbúin væri fjárhagsáætlun fyrir verkefnið ár hvert til þess að móta ramma fyrir komandi verkefni. Ákveðið var að Theó sæi um að fá upplýsingar um núverandi fjárhagsstöðu verkefnisins frá Þór bæjarritara Stykkishólms og út frá þeim upplýsingum yrðu gerð drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Í kjölfarið verður haldinn símafundur Framkvæmdaráðs þar sem farið verður yfir drögin.

Fulltrúar Framkvæmdaráðs ræddu möguleika þess að sveitarfélögin sjálf þurfi að leggja pening í verkefnið á næstunni. Björn Steinar viðurkenndi að það gæti reynst erfitt eins og staðan er í dag.

4. Úttekaraðili á að mæta á svæðið á næstu dögum/vikum. Enn hefur ekki verið gefin upp dagsetning fyrir heimsókn hans og ekki er vitað hvort um er að ræða íslenskan eða erlendan aðila. Unnið hefur verið að úrlausnum þeirra „smáverka“ sem bæta þurfi úr fyrir heimsókn þessa úttekaraðila. Þar má til dæmis nefna:
- Samþætta áhættumat og framkvæmdaáætlun (er í vinnslu og verður framkvæmdaáætlun send á Framkvæmdaráð til yfirlestrar fyrir mánaðamót).
 - Samantekt starfsleyfa fyrir stofnanir sveitarfélaganna. Reynst hefur erfitt að finna þess háttar leyfi en Stefán Gíslason nefndi að möguleiki væri á að fá lista yfir þau starfsleyfi sem eiga að vera fyrir hendi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.
 - Formlegt árangursmat Framkvæmdaráðs. Setja fram tímasettan lista yfir þau verkefni sem Framkvæmdaráðið ætlar að koma í verk. Meta svo hvort verk hafa verið kláruð á réttum tíma, hvort þau hafi farið fram yfir tímamörk eða hvort hætt hefur verið við þau. Fylla út frábrigðablöð vegna verkefna sem enn hefur ekki verið lokið við eða sem hætt hefur verið við og tilgreina ástæður.
5. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar er næstum lokið og verður hún send Framkvæmdaráði fyrir mánaðamót. Þar er listi yfir tímasett verkefni næstu ára sem og kynningaráætlun fyrir næstu ár.

Þegar eðlilegur skriður kemst á fundahöld Framkvæmdaráðs ætti framkvæmdaáætlun að vera tilbúin ekki seinna en í október með lista yfir verkefni næsta árs og e-s konar kostnaðaráætlun fyrir þau svo hægt sé að taka mið af henni við ákvarðanatöku fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna.

6. Ársskýrsla er í vinnslu og verður send á fulltrúa Framkvæmdaráðs á næstu dögum.
7. Næstu fundir Framkvæmdaráðs ákveðnar:

- Símafundur í desember vegna fjárhagsáætlunar vottunarverkefnisins fyrir 2012
- 6. febrúar
- 2. apríl
- 4. júní
- 13. ágúst
- 1. október



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 21. nóvember 2011

Ákveða þarf fyrirfram á hvaða fundum ákveðnir hlutir þurfa að liggja fyrir. Til dæmis ætti framkvæmdaáætlun með verkefnalista fyrir komandi ár að vera komin vel á veg fyrir októberfund.

8. Stefán Gíslason ráðgjafi fékk orðið og lýsti yfir ánægju sinni með þá ákvörðun Framkvæmdaráðsins að setja fasta fundartíma. Taldi það mikilvæga ákvörðun sem gæti breytt miklu. Framkvæmdaráðið yrði að sýna meira frumkvæði í vottunarverkefninu, sem hingað til hefur verið að miklu leyti vinna eins umhverfisfulltrúa. Í raun eigi umhverfisfulltrúi að vera starfsmaður ráðsins og sjá um að framkvæma það sem þar er ákveðið.

Mikilvægt sé að nýta fasta fundi til þess að flétta verkefnið betur inn í daglegan rekstur sveitarfélaganna og að skipanir til starfsfólks sveitarfélaganna komi að ofan, til dæmis hvað varðar skráningu á umhverfismerktum pappír og hreinsiefnum (sem hefur farið dalandi síðustu mánuði/ár). Ennfremur er mikilvægt að sveitarfélögin fari smátt og smátt að hvetja til breytinga í rekstri fyrirtækja sem vinna á svæðinu, hvort sem þær felast í beinni umhverfissvottun eða aukinni meðvitund um umhverfismál.

Björn Steinar velti því upp hvort þetta verkefni væri að virka? Snæfellsnes var fjórða samfélagið í heiminum til þess að hljóta svona vottun en síðan hefur enginn bæst við.

- Stefán minnti á að um frumkvöðlastarf væri að ræða og gallinn við það sé að við getum ekki horft í kringum okkur og séð hvað hinir eru að gera. Mælikvarðið á það hvort þetta sé að virka sé ekki hversu margir eru að gera þetta líka. Aftur á móti sé erfitt að mæla árangur af verkefninu. Mögulega væri hægt að skoða fjölda ferðamanna, álit ferðamanna og mögulega ímynd sveitarfélaganna út á við. Stefán sagði það sína tilfinningu að sveitarfélögin á Snæfellsnesi séu öfunduð vegna verkefnisins.
- Guðbjartur benti á að um nýja hugsun sé að ræða í rekstri sveitarfélaga þar sem hugsað sé um umhverfismál, sem skipta máli í framtíðinni. Velti einnig upp þeirri spurningu hvort við viljum bakka, hætta þessu og hverfa til baka? Afturför?
- Kristinn sagði að hlutir hafi breyst, nefndi sorpmálin sem dæmi auk þeirrar hugarfarsbreytingar sem hefur orðið hjá íbúum. Sorpið sé aftur á móti stærsta breytingin ef horft er í krónur og aura. Ennfremur er vottunin farin að koma inni skipulagsmál hjá sveitarfélögunum.

Stefán minnti á að einhvern tíma komi að því að sveitarfélögin þurfi að kosta verkefnið sjálf. Hingað til hafi peningar komið frá ríkinu vegna þess að sveitarfélögin séu að ryðja brautina fyrir þá sem á eftir koma og hafa áhuga á sambærilegu starfi. Hann benti á að í Evrópu, bæði innan ESB sem og hjá Alþjóðlegum samtökum ferðapjónustunnar, sé verið að ræða vottanir samfélaga og áfangastaða enda sífellt vaxandi krafa um slíkt.

Frkv. fyrir næsta fund:

Theó tekur saman fjárhagsstöðu verkefnisins nú og gerir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012.

Theó boðar til símafundar í byrjun desember vegna fjárhagsáætlunar.

Fylgjast þarf með verkefninu innan fjárlaganefndar og sækja um styrk til umhverfisráðuneytis fyrir 2. desember ef nauðsyn krefur.

Theó sendir framkvæmdaáætlun og ársskýrslu á fulltrúa Framkvæmdaráðs svo fljótt sem auðið er, að minnsta kosti fyrir mánaðamót.

Næsti fundur: Desember

Fundi slitið kl.: 11:00